



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. október 2022

Efni: Umsögn NASF á Íslandi um: „*Tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis*“, Þingskjal 9, mál nr. 9 sent í tölvupósti 14. október.

#### Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

#### Umsögn

NASF þakkar kærlega fyrir tækifærið og fagnar þeirri miklu endurskoðun og endurhugsun sem er að eiga sér stað varðandi fiskeldi á Íslandi. Fiskeldi, og þá helst laxeldi í opnum sjókvíum hefur vaxið gríðarlega hratt undanfarin ár. Svo hratt að regluverk og lagaumgjörð hefur dregist langt aftur úr. Því miður hefur þessi vöxtur verið á kostnað náttúrunnar og því nauðsynlegt að grípa inn í. Laxa- og fiskilús er að verða sífellt stærra vandamál og æ fleiri laxar sleppa úr kvíum með tilheyrandi skaða fyrir villta stofna. Fyrir fáeinum vikum kom í ljós að 28 laxar sem veiddust á Vestfjörðum voru strokulaxar úr sjókvíaeldi á svæðinu. Þessi náttúruspjöll aukast með auknum lífmassa í sjókvíaeldi. Þannig er það alls staðar þar sem þessi iðnaður er stundaður. Því er afar mikilvægt að tekið sé tillit til umhverfismála þegar verið er að fjalla um gjaldtöku í fiskeldi. Þetta samræmist vel „The Polluter Pays“ lögmálinu. Samkvæmt skilgreiningu London School of Economics er lögmálið eftirfarandi: *The ‘polluter pays’ principle is the commonly accepted*

*practice that those who produce pollution should bear the costs of managing it to prevent damage to human health or the environment.* Þ.e. þeir sem fá leyfi frá stjórnvöldum til að skaða náttúruna eiga skilyrðislaust að bera kostnaðinn af því.

Nýlega boðuðu stjórnvöld í Noregi auknar álögur í formi auðlindaskatts á sjókvíaeldi þar í landi. Auðlindaskatturinn nemur 40% og hann rennur til jafns til sveitarfélaga og ríkis. Það segir sig sjálfst að auðlindaskattur er ekki lagður á nema að sá iðnaður sem í hlut á sé að ganga óhóflega á takmarkaða auðlind. NASF fagnar þessum skorðum sem settar eru á iðnaðinn í Noregi, en á sama tíma vekur það upp ugg þar sem norsk sjókvíaeldisfyrirtæki eru nú í stórsókn á Íslandi í von um að geta nýtt sér byrjendabraginn á lagaumhverfinu hérlendis og þá staðreynd að mengunin frá eldinu hefur enn ekki spilt umhverfinu jafn mikið hér á landi og þar sem opið sjókvíaeldi hefur verið stundað áratugum saman. Því er það mjög mikilvægt að gjalddöku í greininni á Íslandi sé þannig hátt að hún hvetji ekki mengandi stóriðnað til þess að auka starfsemi sína – eins og norsk sjókvíaeldisfyrirtæki hafa nú þegar gefið út að sé eitt af aðalmarkmiðum þeirra. Fyrirtækið Masoval, sem á allt sjókvíaeldi á Austfjörðum, fór svo langt að segja að þeir vilji ala 500.000 tonn af laxi við Íslandsstrendur og opna alla firði hérlendis. Það myndi þýða um það bil fimmföldun á því sem áhættumat erfðablöndunar heimilar og til að það gæti orðið væri óhjákvæmilegt að opna friðuð svæði fyrir sjókvíaeldi. Það er ljóst að vísindi og náttúruvernd eru ekki það sem skiptir máli í sjókvíaeldi. Opið sjókvíaeldi snýst aðeins um að ná sem mestum hagnaði fyrir hluthafana á sem skemmstum tíma – og þar með að skilja sem minnst af þeim hagnaði eftir á þeim slóðum þar sem eldið er stundað með sívaxandi sjálfvirkni.

Í greinargerð með umræddri þingsályktunartillögu er mikið fjallað um þörf á gjalddöku vegna innviðaupbyggingar. Það er vel skiljanlegt að sveitarfélög vilji fá meira fyrir sinn snúð, enda hefur þeirra hlutur verið frekar rýr þótt þau hafi þurft að ráðast í hafnar- og vegaf framkvæmdir vegna eldisstarfseminnar á meðan hluthafar eldisfyrirtækjanna hafa grætt á tá og fingri. NASF vill þó koma því á framfæri að það er mjög sérstakt hve lítil áhersla er á náttúruspjöll eða umhverfisábyrgð þegar verið er að fjalla um gjalddöku. Hér fyrir neðan eru nokkur atriði sem NASF óskar að tekið sé tillit til þegar verið er að ákveða gjalddöku í fiskeldi.

### **Vatnsgæði**

Því miður er lítið sem ekkert kveðið á um vatnsgæði í íslenskum fiskeldislögum. Mikil losun úrgangs, lúsaeiturs, ásætuvarna og annars hefur áhrif á efnasamsetningu sjávar. Ójafnvægi í efnasamsetningu getur haft alvarleg áhrif á lífríki sjávar og líffræðilegan fjölbreytileika. Því ætti að innleiða skýr viðmið og reglur sem snúa að vatnsgæðum- og mælingum. Ef að mælingar sýna að magn tiltekinna efna fara yfir viðmiðin eiga sjókvíaeldisfyrirtæki að greiða sektir og gjöld til að sporna við því. Í viðauka 1 má sjá tillögur sérfræðinga á sviði sjókvíaeldis um æskilegt magn hinna ýmsu efna sem losna úr læðingi þar sem sjókvíaeldi er stundað. Þessar tillögur voru sendar stjórnvöldum þegar verið var að móta fiskeldislög árið 2019. Engin af þessum viðmiðum rötudu inn í fiskeldislögin. Það segir sig sjálfst að eftirlit með þessum mælingum þarf að vera í

höndum óháðra eftirlitsaðila, en alls ekki hulin afgangsstærð í innra eftirliti sjókvíaeldisfyrirtækja.

### Slysasleppingar

Fiskur sleppur úr sjókvíum, það er vitað mál. Hins vegar eru engin viðurlög við slíkum náttúruspjöllum í dag. Nýlegt dæmi sem var nefnt hér að ofan sýnir skýrt að eldislaxar rata vel upp í íslenskar ár, og þar hrygna þeir með villtum stofnum. Á endanum þynnir þetta erfðaefni villtu stofnana út og því miður er það þannig sem villtur lax getur á endanum orðið útdauður. Það ætti því að vera borðleggjandi að sjókvíaeldisfyrirtæki greiði sekt eða gjald þegar gat kemur á sjókví. Í öllum sveitarfélögum landsins eru laxveiðiár. Landeigendur við þessar ár treysta á veiðitekjur. Þessar ár verða óhjákvæmilega fyrir skaða vegna sjókvíeldis, sem hefur bein fjárhagsleg áhrif á veiðileyfisala. Því ættu sveitarfélögin að innheimta mótvægisgjald frá sjókvíaeldisfyrirtækjunum. Almenna reglan í þjóðfélaginu er sú að atvinnustarfsemi eins á ekki að skaða tekjumöguleika annarra.

### Notkun lúsaeiturs og lyfjablandaðs fóðurs

Líkt og NASF og fleiri spáðu hefur notkun á lúsaeitri og lyfjablönduðu fóðri stóraukist. Lúsaeitur ræðst á skeldýr, þar sem að lúsín er jú skeldýr. Notkun á þessum efnum getur því haft áhrif á mun fleiri lífverur en laxa- og fiskilús í sjókvíunum sjálfum. Eitrið getur því haft neikvæð áhrif á lífríki sjávar og líffræðilegan fjölbreytileika. Líkt og með slysasleppingar eru engin viðurlög við þessu. Því væri það sjálfsgöð krafa ríkis og sveitarfélaga að sjókvíaeldisfyrirtæki greiddu sektir eða gjöld í tengslum við alla lyfja- og eiturnotkun.

### Afföll í sjókvíaeldi

Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum þykir það ekki tiltökumál að 20-25% af eldislaxi skuli drepast í framleiðsluferlinu áður en laxarnir ná sláturstærð. Á Íslandi hafa afföll í sjókvíaeldi verið algjörlega stjórnlaus undanfarin ár. Út frá tölum innra eftirlits og MAST má áætla að um 6,5 milljónir eldislaxa hafi drepist í íslenskum sjókvíum undanfarin tvö ár vegna þeirra aðstæðna sem þeir eru aldir í. Orsakir þessar affalla eru m.a. vetrarsár, laxalús, of mikill þéttleiki í kvíum og alvarlegir sjúkdómar eins og ISA veira. Þetta er alvarlegt dýravelferðarmál og því ættu sjókvíaeldisfyrirtæki að greiða sekt eða gjald þegar að afföll fara upp fyrir fyrirfram ákveðin mörk. Má benda á að álíka afföll hvorki þekkjast né líðast í annarri matvælaframleiðslu á Íslandi og sætir það furðu hvers vegna laxinn er talin óæðri tegund en t.d. kjúklingur eða lamb.

### Auðlindaskattur

Það er afar mikilvægt að Íslendingar verði ekki enn eina ferðina eftirbátar Norðmanna. Nýi auðlindaskatturinn í Noregi er settur á vegna þess að iðnaðurinn hefur komist upp með það að menga gríðarlega og skilja eftir sig slóð af eyðileggingu villtra stofna án þess að þurfa að borga mikið fyrir það til ríkis og sveitarfélaga. Um leið og skattatillagan var kynnt frystu sjókvíaeldisfélögin fjárfestingar og hótuðu að fara annað, þ.e. til Íslands. Þarna sjáum við hversu trygg þessi félög eru við brothættar byggðir. Sjókvíaeldi ætti ekki að vera leyft á Íslandi sökum

áhrifa þess á umhverfið, og það er mat NASF að ekki sé langt í það að stjórnvöld átti sig á því að framtíðin liggur í öðrum lausnum. Á meðan þessi iðnaður er stundaður hér á landi eiga þessi fyrirtæki hins vegar að borga myndarlega fyrir aðstöðuna og umhverfisskaðann sem þau valda í samræmi við ströngustu staðla.

### Eftirlit

Nánast allt eftirlit með sjókvíaeldi á Íslandi í dag er í formi innra eftirlits fyrirtækjanna sjálfra. Það er vissulega hagur fyrirtækjanna að enginn lax drepist, enginn lax sleppi og að lús blossi ekki upp. Hinsvegar er sjókvíaeldi einfaldlega þannig að þetta gerist alltaf – og þá er það umhverfið og við hin sem sitjum uppi með skaðann sem fyrirtækin virðast telja ásættanleg afföll innan húss hjá sér. Um leið og þessi staða er komin upp breytist myndin algjörlega. Þá verður það hagur fyrirtækjanna að segja ekki satt og rétt frá þar sem að þessir þættir hafa áhrif á afkomu og hagnað fyrirtækjanna. Eftirlit þarf því að vera í höndum óháðra aðila. Við ákvörðun gjaldsins þarf að gæta þess að það standi undir kostnaði við hina óháðu eftirlitsaðila sem hafi einnig upplýsingaskyldu við almenning.

### Fyrirbyggjandi aðgerðir

Eins og nýleg dæmi sanna þá sleppur eldislax úr kvíum við Ísland eins og annars staðar. Það er óumdeilt að slíkar slyssasleppingar hafa neikvæð áhrif á villta stofna laxfiska. Til að mynda flokkar norska vísindaráðið eldislax og laxalús sem stærstu ógnina við villtan lax í norskum ám. Sjá viðauka 2. Því ættu sjókvíaeldisfyrirtækin að greiða fyrir uppsetningu myndavélateljara í öllum laxveiðiam landsins. Það myndi þó einungis auka líkur á því að fólk yrði vart við eldislaxa í íslenskum ám, en ekki koma í veg fyrir að eldislaxinn leitaði upp í þessar ár.

### Skaðabætur

Í greinargerðinni er fjallað mikið um atvinnusköpun, verðmæti og jákvæð áhrif á sveitarfélög. Ekki skal gert lítið úr því að það er gott að fólk hafi atvinnu og að sveitarfélög hafi tekjur af launþegum á sínum svæðum. Í þessu sambandi er þó rétt að fjalla aðeins betur um þau gríðarlegu verðmæti sem búið er að skapa í dreifðum byggðum landsins sem treysta á tekjur af laxveiði þar sem litlar aðrar tekjur er að hafa. Á Íslandi treysta meira en 2.000 fjölskyldur á veiðihlunnindi. Ísland er einhver eftirsóttasti áfangastaður í heimi fyrir lax- og silungsveiðimenn. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst að landið hefur verið þekkt fyrir sterka og örugga innviði í ósnortinni og hreinni náttúru þar sem villti fiskurinn er hafður í hávegum. Það er einróma álit vísindasamfélagsins að sjókvíaeldi er stærsta ógnin við villta laxastofna í heiminum og því er sjókvíaeldi á Íslandi að stefna þessum dreifðu byggðum í hættu með því að draga úr líkum á að bændur og aðrir landeigendur geti haft tekjur af þessum náttúrulegu hlunnindum sínum. Nýlega var villti laxinn í Noregi settur á valista, og þurft hefur að loka nokkrum laxveiðiam þar í landi. Erfðablöndun er orðin mikil og lúsinn sem fylgir sjókvíaeldi drepur sjógönguseiði villtra laxfiska. Við þetta verða nærsamfélög þessara laxveiðiaá af miklum tekjum og ímynd Noregs hefur orðið fyrir gríðarlegum skaða sem verður seint bættur.

Ef haldið er áfram á þeirri braut sem stjórnvöld eru á núna þá mun hið sama gerast hér á landi. Því ætti að móta stefnu í því hver og hvernig á að greiða skaðabætur til landeigenda vegna vaxandi slysasleppinga og erfðablöndunar norskra eldislaxa við hina villtu íslensku laxastofna. Gjaldataka í sjókvíaldi á að taka mið af því og verða um leið til þess að styrkja þá stefnu íslenskra stjórnvalda að beina öllu laxeldi í framleiðsluaðferðir sem eru í sátt við náttúruna.


### **Lögfesting bannsvæða**

Í umræddri greinargerð er vísað til ákvörðunar ráðherra frá árinu 2004 um að einungis megi stunda sjókvíaldi á Vest- og Austfjörðum. Það er því rétt að vekja athygli á því að þessi ákvörðun er í formi auglýsingar og því ekki fest í lög. Það er gríðarlega mikilvægt að auglýsing þessi verði lögfest sem allra fyrst. Það er ekki boðlegt að einn ráðherra geti nánast upp á sitt einsdæmi ákveðið að breyta þessari mikilvægu takmörkun. Einnig ber að nefna að Eyjafjörður og Öxarfjörður ættu að vera bannsvæði fyrir sjókvíaldi. Eldi í þessum fjörðum myndi skapa gríðarlega hættu fyrir vatnasvæði sem eru viðkvæm fyrir. Ber þar helst að nefna Laxá í Aðaldal, Skjálfandafljót, Fnjóská, Eyjafjarðará, Fljótaá, Flókadalsá, Hörgá, Héðinsfjarðará, Ólafsfjarðará, Ormarsá, Deildará, Litlaá o.fl. Í raun mætti segja að allar ár á Norður- og Norðausturlandi væru í hættu frá sjókvíaldi í Eyjafirði og Öxarfirði þar sem rannsóknir eru sífellt að leiða í ljós að strokulaxar synda lengra og laxalús dreifir sér yfir stærri svæði en áður var talið.

---

NASF þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum sínum um tillöguna. Það er okkar von að innihald þessarar umsagnar verði tekið efnislega fyrir. Jafnframt býður NASF fram aðstoð sína við ráðgjöf í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðingarfyllt,



---

f.h. NASF á Íslandi  
Elvar Örn Friðriksson